

Fundargerð 24.febrúar 2012

1. stjórnarfundur nýrrar stjórnar ÆSKP 2012

Haldinn í Hraunbæ 2 24. febrúar kl. 13

Mætt eru: Guðrún Karlsdóttir formaður, Sigurvin Jónsson ritari, Guðmundur Karl gjaldkeri, Kristján Ágúst Kjartansson meðstjórnandi, Rakel Brynjólfsdóttir í varastjórn og Margrét Ólöf Magnúsdóttir framkvæmdastjóri.

1. Orð og bæn Guðrún Karlsdóttir las Jes.25. 6-9

2. Komment á aðalfund, skýrslan:

Sigurvin mun taka hana saman. Þórunn ritaði á hans tölvu.

Nú er þegar orðin breyting á stjórninni: Sunna Dóra Möller sagði af sér sem varamaður. Þórunn sagði af sér sem stjórnarmeðlimur. Sunna Dóra tekur hennar stað þar sem hún var varamaður nr.1. Eftir standa 4 varamenn.

Þórunn mun aðstoða við að fylgja úr hlaði erlendum samskiptum og koma öðrum stjórnarmeðlimum inn í þau. Kristján ,Sunna og Rakel taka við.

3. European Fellowship

Það þarf að svara Adric um þátttöku á Easter Course um páskana. Eins um efni Easter Course 2013 sem á að halda á Íslandi.

KAK finnur út með þátttakendur á EC.

Spurning um að taka fyrir eitthvað sem er vandi fyrir útlendinga hér á landi.

4. Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar

Nýskipuð Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar mun verða með fund í maí.

Skynsamlegast að halda KUF, Kirkjuping unga fólksins, í tengslum við þann fund. MÓM og SDM vinna í þessu.

Sunna Dóra og Sigurvin fulltrúar á fundinum.

5. LÆF, landssamtök æskulýðsfélaga

MÓM fór á fulltrúaráðsfund 20. febrúar s.l. Fulltrúar frá AUS, Stúdentaráði, SÍF, SUJ, ISEC, AFS voru á fundinum. Við erum með aukaaðild að LÆF og höfum því átt kost á að sækja námskeið sem LÆF hefur haldið.

Það kom í ljós á þessum fundi að e.t.v. er þetta ekki vettvangur sem passar fyrir ÆSKP að vera aðili að. Tilgangurinn og markmiðin eru ósamstíga ÆSKP.

Stjórnin ákvað að segja sig út úr LÆF þar sem það þjónar ekki hagsmunum ÆSKP.

Annar vettvangur er e.t.v. það sem myndi henta okkur að vera aðili að, Æskulýðsvettvangurinn. Athugum það.

6. Spurningakeppnin Jesús lifir 24. og 25. mars og TTT ferðalagið 20.- 21. apríl

MÓM: það er döpur þátttaka í spurningakeppninni, s.l. tvö ár hafa lið úr Þjóðkirkjunni verið 5 – 6, álíka mörg og hjá fríkirkjunum. En nú eru hugsanlega eitt eða tvö lið frá Þjóðkirkjunni.

Eins er með TTT ferðalagið, það eru 5 hópar búnir að tilkynna þátttöku, sem er þó skárra en þátttakan í spurningakeppninni.

7. Vika gegn rasisma

Það er viðburður í Smáralindinni föstudaginn 23. mars kl.16 – 18

MÓM: sama er upp á teningnum með þátttöku þar: engir búnir a tilkynna komu sína úr æskulýðsfélögunum. Í fyrra voru flest ungmenni frá RKÍ.

SDM og Pétur Björgvin Þorsteinsson ætla að taka þátt fyrir norðan og vera á Glerártorgi á Akureyri.

Davíð Þór Jónsson er að leysa Þorgeir Arason af fyrir austan á Egilsstöðum. Hann á eftir að gefa svar.

8. Landsmót – sumarið

Fyrirhugaður er fyrsti formlegi undirbúningsfundur.

Það er ljóst að við verðum að ráða framkvæmdastjóra í tvo mánuði um sumarið til að sinna sambandinu og halda áfram með undirbúning landsmóts.

Ákveðið var að biðja Rakel Brynjólfsdóttur um að taka þetta að sér og hún samþykkti það. Hún verður þá júlí og ágúst.

9. Fjármál ÆSKP

Rætt um þá stöðu sem upp er komin í kjölfar niðurskurðar Kirkjuráðs til ÆSKP. Niðurskurðurinn nemur hálfri milljón.

SJ og GKE ætla að skrifa bréf til Kirkjuráðs.

Breytir alveg stöðunni að hafa fengið styrk frá MM-ráðuneytinu.

Purfum að finna út með fleiri styrki.

10. Fleiri aðildarfélög

Samson í Grafarvogskirkju hefur bæst við.

11. Samstarfsvettvangurinn

MÓM rétt tilgreindi hvað stæði til: útskrift farskólanema og nema á grunnnámskeiðinu 28.mars í Digraneskirkju, leiðtoganámskeið 23. maí kl. 17.

12. Aukaaðild Ice-step

MÓM spyr hvort Ice-step geti verið með aukaaðild að ÆSKP þar sem þau eru ekki tilheyrandi neinni kirkju og hafa ekki fjármagn til að greiða aðildargjaldið.

Ákeið að benda þeim á að senda skriflega umsókn um aðild.

13. VMK, Vaktu með Kristi 5. – 6. apríl

Það á eftir að ákveða hverjir sjái um það og hverjir standi á bak við viðburðinn. Sigurvin er til í að taka þetta að sér líkt og í fyrra ef viðburðurinn er haldinn í Neskirkju.

MÓM athugar málið.

14. Önnur mál

- Búið að færa Hjálparstarfi kirkjunnar formlega söfnunarféð eftir landsmót. Toshiki og Rakel fóru og kom mynd og greinargerð í blöðunum.
- KÁK stingur upp á að senda fyrirspurn til biskupsframbjóðenda um viðhorf þeirra til barna- og unglingastarfs.

Ákveðið að finna út 3 spurningar, fundum um það á netinu.

Gera þetta fyrir 1. mars. MÓM sendir á frambjóðendur.

15. Næsti fundur

Ákveðið að hafa vinnufund norður í Laufási 30.-31. mars.

Fundi slitið kl.16.